

Fundargerð 39. fundar

Ungmennaráð 8. nóvember 2016

Mánudaginn 8. nóvember 2016 kl. 19:30 kom ungmennaráð til fundar í húsnæði Félagsmiðstöðvarinnar Svítunnar.

Fundinn sátu: Sandra Dís Jóhannesdóttir, Jakob Unnar Sigurðarson, Dagrún Inga Jónsdóttir Oskar Rybinski og Haukur Castaldo Jóhannesson

Ragnar Óskarsson og Berglind Dan Róbertsdóttir boðuðu forföll.

Að auki sat fundinn Valur Rafn Halldórsson, starfsmaður ráðsins.

Fundargerð ritaði: Valur Rafn Halldórsson

1. Erindisbréf

Lagt fram til kynningar erindisbréf ungmennaráðs Ölfuss.

Starfsmaður ráðsins fór yfir erindisbréfið og rætt um mikilvægi þess að endurskoða það.

2. Kynning á starfi ráðsins

Starfsmaður gerði grein fyrir tilgangi og mikilvægi ungmennaráðs en skv. æskulýðslögum er hlutverk ungmennaráða að vera sveitarstjórnnum til ráðgjafar um málefni ungs fólks í viðkomandi sveitarfélagi.

3. Kosning í embætti

Kosning formanns og ritara fyrir tímabilið 2016-2017.

Samþykkt samhljóða, með öllum greiddum atkvæðum, að Berglind Dan Róbertsdóttir verði formaður og Sandra Dís Jóhannesdóttir ritari.

4. Fulltrúar ungmennaráðs í öðrum nefndum

Kosið um nýja áheyrnafulltrúa í nefndum sveitarfélagsins en ungmennaráð á áheyrnafulltrúa í íþrótt- og æskulýðsnefnd og menningarnefnd.

Samþykkt samhljóða, með öllum greiddum atkvæðum, að Berglind Dan Róbertsdóttir verði áheyrnafulltrúi ungmennaráðs í menningarnefnd og Jakob Unnar Sigurðarson í íþrótt- og æskulýðsnefnd.

5. Ungmennaráð Íslands

Lagt fram erindi, dags. 26. október 2016, frá einstaklingum sem vilja stofna Ungmennaráð Íslands sem hugsuð eru sem regnhlífasmök fyrir ungmennaráð á Íslandi. Óskar er eftir að Ungmennaráð Ölfuss tilnefni tvo fulltrúa.

Samþykkt samhljóða, með öllum greiddum atkvæðum, að tilnefna Berglindi Dan Róbertsdóttur og Dagrúnu Ingu Jónsdóttur.

6. Starf vetrarins

Rætt um starfsemi ungmennaráðs vetrinn 2016-2017.

Ákveðið að halda jólaþing ungmennaráðs í desember. Frekari undirbúningi frestað til næsta fundar.

7. Ungmennaping

Samkvæmt erindisbréfi ungmennaráðs skal ungmennaping haldið annað hvert ár en seinast var það haldið árið 2014.

Samþykkt að halda ungmennaping þriðjudaginn 15. nóvember nk. í Ráðhúsi Ölfuss. Starfsmanni falið að hefja undirbúning. Kynning á viðburðinum verður í höndum fulltrúa í ungmennaráði.

Fundi slitið kl. 21:30